

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík



Kópavogur 29. apríl 2021

Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (Iðnaðarhampur) lagt fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021 mál 644.<sup>[1]</sup>

**Bindindissamtökin á Íslandi eru alfarið á móti þessu frumvarpi** sem er til þess fallið að draga úr góðum árangri forvarna á Íslandi. Það að leyfa framleiðslu kannabisjurta dregur úr tilfinningu fyrir áhættu sem fylgir kannabis og eykur neyslu vímuefna sem dregur úr lýðheilsu.

Notkun kannabis á Íslandi hefur dregist saman síðustu áratugi og er lítil í dag vegna forvarna sem styðjast við sterka löggjöf sem heldur utan um framleiðslu, dreifingu, sölu, kaup og vörslu efnisins. Það er eðlilegt að kannabis verði í öllum myndum áfram flokkað sem ólöglegt vímuefni.

Hér er fjallað um málið án þess að horfa eftir áhrifum sem það hefur á líf barna og er það í mótsögn við Barnasáttmálann<sup>[2]</sup> sem við minnum á að Alþingi á að vinna eftir.

Erfitt er fyrir leikmenn að greina milli tegunda kannabisplantna. Einnig er erfitt er fyrir opinbera aðila að mæla innihald THC í kannabisvörum og fá mælitæki til þess á Íslandi.

IOGT á Íslandi vitnar í þær umsagnir sem hafa verið sendar inn að undanförunu<sup>[3]</sup> vegna sífelldra árása á forvarnir á Íslandi. Forvarnir á Íslandi hafa verið til fyrirmyndar í áratugi og skapað kynslóðir sem hafna neyslu áfengis og annara vímuefna.<sup>[4]</sup>

Gríðarlegt magn af röngum upplýsingum eru umferð um kannabis. Umfjöllunin er mjög villandi og ganga þeir harðast fram sem vilja lögleiða vímuefni. Áberandi er hve víða laufblað kannabisplöntunnar er notað í kynningu á iðnaðarhampi og að hvetja til neyslu á THC.<sup>[5] [6]</sup>

IOGT á Íslandi hefur gefið út þýðingu á bók Pelle Olsson 8 mýtur um kannabis þar sem komið er inn á mýtturnar sem haldið er á lofti af þeim sem vilja hagnast á sölu kannabis.<sup>[7]</sup>



**IOGT á Íslandi** hvetur ráðamenn að skoða miklu betur mál er varða forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum. **Lýðheilsumat** er mælikvarði sem ætti hiklaust að taka upp hið snarasta til að koma í veg fyrir að ráðamenn leggi fram mál sem eyðileggja svo mikið fyrir samfélaginu.

Vímuefni eru með helstu hindrunum sjálfbærrar þróunar mannkyns. Þau hafa neikvæð áhrif á allar stoðir samfélagsins (umhverfi, efnahagur og samfélag) og snerta við öllum hliðum samfélagsins. Vímuefni stefna mannauði í voða, grafa undan hagvexti, veikja innviði samfélagsins og eru gríðarlegt byrði á heilbrigðiskerfinu.<sup>[8]</sup>



Heildarstefna í forvörnum ætti að taka gildi sem skýr viðmið að draga sem mest úr neyslu áfengis og annara vímuefna.

**IOGT á Íslandi** lýsir sig fúsa til að leggja lið við vinnu við að undirbúa stefnuna þar sem IOGT á Íslandi er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims **Movendi**.

Björn Sævar Einarsson formaður Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi

[1] <https://www.althingi.is/altext/151/s/1107.html>

[2] <https://www.barnasattmali.is/>

[3] <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-643.pdf>

[4] <https://rannsoknir.is/>

[5] <https://informationisbeautiful.net/visualizations/snake-oil-cannabis-the-scientific-evidence-for-medical-marijuana/>

[6] [https://www.unodc.org/documents/drug-prevention-and-treatment/Youth%20Initiative/FACT\\_SHEET\\_1\\_cannabis.pdf](https://www.unodc.org/documents/drug-prevention-and-treatment/Youth%20Initiative/FACT_SHEET_1_cannabis.pdf)

[7] <https://iogt.is/2021/04/29/8-mytur-um-kannabis/>

[8] <https://www.heimsmarkmidin.is/>

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

*Sent í tölvupósti*  
Reykjavík, 29. apríl 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (iðnaðarhampur), 644. mál**

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um ofangreint mál. Bændasamtökin hafa farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

**I. Um frumvarpið**

Í apríl 2020 veitti heilbrigðisráðherra undanþáguheimild með breytingu á reglugerð nr. 233/2001 sem gerði innflutning, meðferð og vörslu fræja til ræktunar iðnaðarhamps mögulega. Heimildin er háð skilyrðum og takmörkunum svo tryggt sé að ekki verði fluttar inn eða ræktaðar plöntur sem innihalda THC í nýtanlegu magni, eða að hámarki 0,2%. Í júlí sama ár skipaði ráðherra starfshóp til að yfirfara lög um ávana- og fíkniefni og gera drög að lagafrumvarpi þar sem kveðið yrði á um skýrari grundvöll og ábyrgð stofnana sem þurfa að koma að framkvæmd þegar kemur að leyfisveitingum og eftirliti með ræktun iðnaðarhamps. Frumvarp þetta er afurð starfshóps sem heilbrigðisráðherra. Frumvarpið felur í sér nýtt ákvæði sem gerir ráð fyrir að ráðherra landbúnaðarmála setji reglugerð sem kveður á um veitingu leyfis til innflutnings og skal þar meðal annars koma fram nánari skilyrði og takmarkanir á innflutningi, meðferð og vörslu þeirra fræja sem frumvarpið nær til.

**II. Athugasemdir um efni frumvarpsins**

Með frumvarpinu er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 verði Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning á fræjum af tegundinni Cannabis Sativa, að uppfylltum skilyrðum í reglugerð sem ráðherra landbúnaðarmála setur. Aukin ræktun iðnaðarhamps með fræjum af tegundinni Cannabis Sativa eykur möguleika til verðmæta- og nýsköpunar í innlendri framleiðslu matvæla og fleiri afurða. Þá hefur ræktun iðnaðarhamps verið undir styrkjakerfi Evrópusambandsins í landbúnaði í rúm 20 ár, enda sé innihald virka efnisins THC undir 0,2%.

Í dag eru hamptrefjar notaðar í textíl, reipi, skófatnað, gólfjalir og yfirbyggingar á bílum og kjötið innan úr stönglunum er notað í einangrun bifreiða, flugvéla, í steypu til húsbygginga, undirburð undir skepnur og fleira. Á síðasta ári voru flutt inn til landsins um 650 kíló af fræjum og var iðnaðarhampur ræktaður á um 32,5 ha hér á landi sumarið 2020. Það er því ljóst að hampurinn getur vaxið hér á landi og full ástæða er til að halda ræktun áfram. Bændasamtökin styðja því framkomið frumvarp en telja að tilefni hefði verið til þess að ganga lengra.

### III. Þróunaráætlun og tilraunaverkefni Dana

Fyrir þinginu hefur verið lögð fram tillaga til þingsályktunar um sérstaka þróunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni, 596. mál. Þar er efnislega gerð grein fyrir þeim möguleikum sem Danir hafa ákveðið að heimila tímabundið til tilraunar og liggja í þróun og rannsóknum efna úr hampjurtinni í lækningaskyni. Samtökin telja að tilefni sé til þess að skoða einnig þau tækifæri sem liggja í ræktun lyfjahamps (*Cannabis Indica*) til kannabisræktunar og til framleiðslu og dreifingu á kannabislyfjum í lækningaskyni og fara þess á leit að nefndin leiti umsagnar atvinnuveganefndar Alþingis um framkomið frumvarp heilbrigðisráðherra.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir

Frumvarp til laga til breytinga á  
lögum um ávana og fíkniefni nr.  
65/1974 - iðnaðarhampur

Á eftir 2. gr. a laganna kemur ný grein, 2. gr. b, svohljóðandi:

*Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 2. gr. er Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning á fræjum af tegundinni Cannabis sativa. Eingöngu er heimilt að veita leyfi skv. 1. mgr. ef skilyrði í reglugerð skv. 3. mgr. eru uppfyllt. Ráðherra sem fer með málefni landbúnaðar skal setja reglugerð um veitingu undanþágu til innflutnings fræja. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um veitingu leyfis til innflutnings ásamt skilyrðum og takmörkunum á innflutningi. Matvælastofnun skal hafa eftirlit með innflutningi á fræjum skv. 3. gr., sbr. 7. gr. laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.*

- Frumvarpið er samið af starfshóp sem skipaður var sumarið 2020. ( Fulltrúar frá HRN, ANR, MAST og LST)

# Tilfni lagasetningar

- Samkvæmt 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 er varsla og meðferð ávana- og fíkniefna sem talin eru upp í 6. gr. laganna óheimil á íslensku forráðasvæði.
  - 6. gr. laganna telur upp ávana- og fíkniefni sem eru óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt lögnum. Þar á meðal er efnið kannabis. Iðnaðarhampur eða fræ til ræktunar á iðnaðarhampi fellur undir yfirheitið kannabis eða „Cannabis sativa“ í lögum um ávana- og fíkniefni þar sem virka innihaldsefnið Tetrahydrocannabinol (almennt skammstafað THC) getur verið hluti af jurtinni.
  - Af þessu leiðir að til þess að heimila ræktun iðnaðarhamps þurfti að breyta reglugerð sem sett er með stöð í lögum um ávana- og fíkniefnum og setja þar inn undanþáguákvæði frá þessu almenna banni.
- Iðnaðarhampur er þó ekki ávana- eða fíkniefni heldur nytjaplanta.
  - Því óeðlilegt að Lyfjastofnun sé ábyrgt fyrir verkefnunum.
  - Eðlilegra að Matvælastofnun hafi yfirumsjón.

# Efni frumvarpsins

- Gert er ráð fyrir því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setji reglugerð sem kveður á um á hvaða forsendum aðkoma Matvælastofnunar skuli vera, meðal annars varðandi plöntuheilbrigði, álitsumleitan til annarra stjórnvalda varðandi umsækjendur um leyfi og heimildir aðila til endursölu yrkja
  - Ræktun iðnaðarhamps mun fara eftir þeirri reglugerð, ásamt almennum lögum um ræktun, s.s. lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.
- Að lokum mun heilbrigðisráðuneytið fella á brott breytinguna frá 2020 í reglugerð um ávana- og fíkniefni og þar með er flutningum á verkefnum tengdum iðnaðarhampi lokið.





Nefndasvið Alþingis  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Kópavogi, 29. apríl 2021.

**Efni:** Tvö frumvörp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fikniefni, nr. 65/1974, varðandi afglæpavæðingu neysluskammta og iðnaðarhamp, 714. og 644. mál. Stjórnarfrumvörp.

Heilbrigðisráðherra hefur mælt fyrir tveimur frumvörpum sem bæði leggja til breytingar á lögum um ávana- og finiefni, nr. 65/1974. Annars vegar ræðir um frumvarp þar sem gert er ráð fyrir afglæpvæðingu neysluskammta, 714. mál, þskj. 1193, sem mælt var fyrir 7. apríl sl. Hins vegar ræðir um frumvarp um innflutning á fræjum sem gera ræktun iðnaðarhamps mögulega, 644. mál, þskj. 1107, sem mælt var fyrir 24. mars sl.

Af óskýrðum ástæðum hefur hvorugt frumvarpið verið formlega sent Læknafélagi Íslands (LÍ) til umsagnar, eins og tíðkast hefur varðandi mál af þessu tagi. Bæði málin fjalla þó um mikilvæg heilbrigðismál. Umsagnarfrestur beggja frumvarpanna er til 29. apríl nk.

Hér á eftir fer umsögn LÍ um bæði frumvörpin.

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fikniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).** Í frumvarpinu felst, eins og það er kallað í athugasemdum, að *afglæpavæða neysluskammta til eigin nota*. LÍ leggst eindregið gegn því að þetta frumvarp verði samþykkt og vísar til eftirfarandi rökstuðnings í því sambandi:

1. Í frumvarpinu felst að neysla ólöglegra fikniefna verður ekki refsiverð. Neysla ekki síst ungs fólks á ólöglegum fikniefnum er alvarlegur vandi sem hefur alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir fíklana sjálfa en ekki síður fjölskyldur þeirra. Sem betur fer tekst sumum að vinna sig útúr fíkn sem þeir hafa ánetjast en því miður eru þeir allt of margir sem tekst það ekki. Á hverju ári deyja ungmenni vegna fíknar. LÍ leggur áherslu á að efla og auka meðferðarúrræði fyrir þá sem berjast við fíkn og verja auknu fjármagni til slíkra verkefna.
2. Hvergi er í frumvarpinu gert ráð fyrir neinum hliðaraðgerðum sambærilegum þeim sem gripið hefur verið til í öðrum löndum sem farið hafa þá leið að lögleiða neyslu fikniefna eða gera hana ekki refsiverða. LÍ telur að svo afdrifaríkt skref sem þetta þurfi að stíga samhliða umfangsmiklum aðgerðum þar sem boðið er upp á meðferðarúrræði fyrir fikniefnaneytendur, ráðgjöf og stuðning.
3. Frumvarpið gerir ekki tilraun til að skilgreina hvað sé neysluskammtur. Það á heilbrigðisráðherra að ákveða í reglugerð. Hætt er við fyrirhugaðar lagabreytingar dragi mátt úr þeim tólum sem lögreglan hefur í baráttunni gegn ólöglegri sölu fikniefna. Ekki liggur fyrir hve margir dvelja eða hafa dvalið í fangelsi eða hlotið dóma vegna vörslu neysluskammta eingöngu án annarra tengdra afbrota. Þá liggur ekki fyrir hvernig stjórnvöld

ætli að bregðast við aukinni fíkniefnaneyslu ungmenna og fylgikvilla þess svo sem kvíða, þunglyndi og geðrofs.

4. Þegar frumvarpið var í drögum í samráðsgátt stjórnvalda bentu fjölmargir aðilar, m.a. bæði embætti landlæknis og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu á framangreinda annmarka á frumvarpinu. Ekkert tillit hefur verið tekið til þessara ábendinga við lokaúrvinnslu þess. Lí telur mikilvægt að hafa samráð við fagaðila og hlutaðeigandi aðila í undirbúningi svo afgerandi lagabreytingar sem hér er fyrirhuguð. Þá telur Lí vert að benda að styrkja þurfi lögregluna í baráttu við sölu og dreifingu efnanna.
5. Allar rannsóknir sýna að heldur hafi dregið úr neyslu íslenskra ungmenna bæði á áfengi og öðrum vímuefnum undanfarin ár. Lí telur að verði farin sú leið sem frumvarpið leggur til muni fíkniefnavandi íslenskra ungmenna aukast frá því sem nú er. Refsingar hafa varnaðaráhrif. Ef neysluskammtar verða lögleiddir þá mun það að öllum líkindum hvetja ungmenni til að prófa þessi ólöglegu efni með ófyrirséðum afleiðingum öðrum en þeim að fíklum mun fjölga, líkt og gerst hefur víða annars staðar þar sem gripið hefur verið til sambærilegrar lögleiðingar ólöglegra fíkniefna.
6. Þá telur Lí afar brýnt að forvarnir og fræðslustarf sé stóraukið. Forvarnir byggjast að mestu á að draga úr aðgengi að ávana- og fíkniefnum og telur Lí að frumvarpið í núverandi mynd gangi gegn þeim markmiðum.

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (iðnaðarhampur).** Í frumvarpinu felst, eins og fram kemur í athugasemdum með því að leyfa innflutning á fræjum tegundarinnar Cannabis sativa. Jafnframt felst í því að stjórnsýsla og verkefni í tengslum við iðnaðarhamp færast frá Lyfjastofnun til Matvælastofnunar. Svo virðist að tilgangur frumvarpsins sé að skjóta styrkari lagastoð undir reglugerð nr. 355/2020 sem sett var á síðasta ári og heimilaði innflutning þessara fræja að fullnægðum nánar tilteknum skilyrðum, sem m.a. lúta að því að THC-magn fræjanna væri svo lítið að plönturnar sem af því spryttu gætu ekki nýst fíkniefnaneytendum. Lí sér ekki að brýnt hafi verið að hefja innflutning þessara fræja og mælir ekki sérstaklega með samþykki þessa frumvarps.

Eins og endranær eru fulltrúar Lí tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar til að ræða efni þessara frumvarpa frekar, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Lí,



Reynir Arngrímsson, formaður



Nefndarsvið Alþingis  
B.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2021

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni (iðnaðarhampur), 644. mál**


Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni er lagt til að veita heimild fyrir innflutning á fræjum til ræktunar á iðnaðarhampi. Samtök iðnaðarins (hér eftir „**SI eða Samtökin**“) fagna þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu enda réttara að ræktun iðnaðarhamps falli undir lög og eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, undir eftirliti Matvælastofnunar en ekki undir lögum um ávana- og fíkniefni, undir eftirliti Lyfjastofnunar.

Tæpt ár er síðan að reglugerðabreyting nr. 355/2020 var birt í Stjórnartíðindum þar sem innflutningur, meðferð og varsla fræja tegundarinnar Cannabis sativa var heimilaður. Frá þeim tíma hefur innflutningur á fræjum og ræktun iðnaðarhamps verið háður undanþágu Lyfjastofnunar en hlutverk stofnunarinnar er eftirlit með innflutningi, vörslu og meðferð efna við framleiðslu lyfja. SI fagna því að slíkt eftirlit verði fært til Matvælastofnunar sem fer nú þegar með eftirlit með innflutningi plantna, plöntuafurða og sáðvöru. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpsdrögum, og SI hafa bent ítrekað á, þá er iðnaðarhampur ekki ávana- eða fíkniefni heldur nytjaplanta.

Það er mat SI að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi um að færa heimildir, til innflutnings, skilyrði, meðferð og vörslu fræja sem frumvarpið nær til, frá heilbrigðisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og að Matvælastofnun verði falið umsjón með innflutningi fræja, séu löngu tímabærar.

SI taka undir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því frumvarpsdrögin birtust á Samráðsgátt í lok febrúar. Eins og fram kemur í frumvarpi er heimild til innflutnings Cannabis sativa-fræja nú óháð því hvað eigi að vinna eða framleiða úr fræjunum sbr. kafla um *Afurðir iðnaðarhamps* sem er að finna í greinargerð með frumvarpi. Í umsögn SI frá 4. mars sl. hvöttu samtökin til þess að fallið yrði frá þröngu skilyrði um að heimila Matvælastofnun að veita undanþágu frá 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1974 fyrir innflutning fræja tegundarinnar Cannabis sativa eingöngu í þeim tilgangi einum að rækta iðnaðarhamp. Þess í stað var bent á að eðlilegra væri að heimild Matvælastofnunar myndi einnig ná til annarra framleiðslu en ræktunar iðnaðarhamps. Samtökin fagna því að brugðist hafi verið ábendingunni.

Virðingarfyllst,

  
Gunnar Sigurðarson,  
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



HAMPFÉLAGIÐ



Samtök  
smáframleiðenda  
matvæla

Reykjavík, 30. apríl 2021

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (iðnaðarhampur), 644. mál.**

151. löggjafarþing 2020–2021.  
Þingskjal 1107 — 644. mál.  
Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (iðnaðarhampur).

Frá heilbrigðisráðherra.

1. gr.

Á eftir 2. gr. a laganna kemur ný grein, 2. gr. b, svohljóðandi:  
Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 2. gr. er Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning á fræjum af tegundinni Cannabis sativa.  
Eingöngu er heimilt að veita leyfi skv. 1. mgr. ef skilyrði í reglugerð skv. 3. mgr. eru uppfyllt.  
Ráðherra sem fer með málefni landbúnaðar skal setja reglugerð um veitingu undanþágu til innflutnings fræja. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um veitingu leyfis til innflutnings ásamt skilyrðum og talmörkunum á innflutningi.  
Matvælastofnun skal hafa efurlit með innflutningi á fræjum skv. 3. gr., sbr. 7. gr. laga um efurlit með fæðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Hampfélagið og Samtök smáframleiðenda matvæla (hér eftir nefnd „félögin“) fagna því að tekið hafi verið tillit til beggja megin athugasemda okkar í [umsögn](#) okkar um frumvarpsdrögin. Þær snerust annars vegar um að taka út það skilyrði að iðnaðarhampsfræ megi flytja inn „í þeim tilgangi einum að rækta iðnaðarhamp“ og að ekki eigi að þurfa undanþágu frá lögum um ávana- og fíkniefni til innflutningsins, þar sem iðnaðarhampur sé hvorugt.*

Nú stendur: „Eingöngu er heimilt að veita leyfi...“ í stað „Eingöngu er heimilt að veita undanþágu...“ og brottfallið úr línu tvö í 1. gr. „í þeim tilgangi einum að rækta iðnaðarhamp“.

Aðeins það síðarnefnda er tilgreint í kafla 5. Samráð í greinargerðinni með frumvarpinu.



HAMPFÉLAGIÐ



Samtök  
smáframleiðenda  
matvæla

Eins og kom fram í umsögninni um frumvarpsdrögin styðja félögin eindregið niðurstöðu starfshópsins um „að færa stjórnýslu og verkefni í tengslum við málefnið, þ.e. leyfi til innflutnings á fræjum tegundarinnar Cannabis Sativa, frá Lyfjastofnun til Matvælastofnunar“,

enda, eins og segir í greinargerðinni með lögnum „Plönturækt, þ.m.t. ræktun iðnaðarhamps fellur í eðli sínu ekki undir verksvið Lyfjastofnunar og því eðlilegra að verkefni tengd iðnaðarhampi séu á ábyrgð Matvælastofnunar. Þá má benda á að iðnaðarhampur er ekki ávana- eða fikniefni heldur nytjaplanta og því eðlilegra að fræ til ræktunar á honum falli undir lög um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, sem Matvælastofnun hefur eftirlit með að sé framfylgt, en ekki lög um ávana- og fikniefni, nr. 64/1974.“

Jafnframt er jákvætt að eftirfarandi sé tekið fram í greinargerðinni „Hámarks magn THC er í samræmi við sameiginlega landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins.“ Því það gefur skýrt til kynna að ef viðmiðunarmagnið breytist innan ESB, sem er 0,2% í dag, muni reglugerðin hér á landi vera uppfærð til samræmis. Það tengist ábendingu okkar í fyrri umsögn okkar og gætir örlítils misskilnings í kafla 5. **Samráð** í greinargerðinni þar sem sagt er frá henni. Í umsögninni sögðum við:

*Við tökum undir það og viljum jafnframt hvetja ráðuneytið til að **fylgjast vel með þróun löggjafar Evrópusambandsins** sem löggjöfin hér á landi byggir á og uppfæra hana án tafar í samræmi við breytingar sem á henni verða gerðar. Dæmi um væntar breytingar er ef Evrópuþingið samþykkir að **hækka viðmiðunarmörk THC úr 0,20% í 0,30%**, en það mál er í löggjafarferli hjá Evrópusambandinu og búist er við að verði samþykkt.*

Í kaflanum **Samráð** í greinargerðinni stendur „Tveir umsagnaraðilar óskuðu eftir því að viðmiðunarmörk THC yrðu hækkuð og vísuðu þar til tillögu Evrópuþingsins um að mörkin yrðu hækkuð í 0,3%. Hvorki var gefið upp hvaða tillögu Evrópuþingsins væri um að ræða né vísað í umræðu tengda henni. Löggjöf Evrópusambandsins og nágrannalanda Íslands miðast við 0,2% af THC-magni og sameiginleg yrkisskrá Evrópusambandsins miðast við yrki þar sem magn THC í fræinu er að hámarki 0,2%.“

Þess ber að geta að þessi tillaga er hjá Evrópuþinginu; hún er s.s. ekki búin í löggjafarferlinu hjá ESB eins og starfsmaður ráðuneytisins upplýsti okkur um í samskiptum okkar við hann í byrjun árs þegar við vorum að grennslast fyrir um hana.

Í sama kafla er einnig vísað til ábendinga okkar varðandi yrki sem eru ekki í sameiginlegu EES-skránni

*Við vekjum athygli á því að ofangreind takmörkun á leyfilegum yrkjum við þau sem eru á sameiginlegri EES-skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði, getur gert ræktendum hér á landi erfiðara fyrir að finna þau yrki sem best henta breiddargráðu landsins. Með því að leyfa yrki frá Kanada sem dæmi og öðrum löndum utan EES sem hafa sambærilegt loftslag, aukast líkurnar á að finna yrki sem henta sérstaklega vel á Íslandi. Ef það er ekki mögulegt getur ráðuneytið þrýst á um að yrki sem talin eru geta þrífist vel hér á landi verði bætt við skrána.*

Í kaflanum **Samráð** segir: „Jafnframt óskuðu umsagnaraðilar eftir því að samþykkt yrki yrði ekki takmarkað við sameiginlega yrkisskrá heldur yrði heimildin rýmkuð til að heimila meðal annars innflutt fræ frá Kanada. Var það rökstutt með vísan til þess að loftslag í Kanada og á Íslandi væri á vissan hátt sambærilegt. Íslensk stjórnýsla er of fámenn til þess að ráða við það verkefni að halda



HAMPFÉLAGIÐ



Samtök  
smáframleiðenda  
matvæla

*úti sinni eigin yrkisskrá. Öll ríki á Evrópska efnahagssvæðinu styðjast við fyrrnefnda yrkisskrá Evrópusambandsins þrátt fyrir afar mismunandi loftslag.“*

Við áttum okkur á því að íslensk stjórnvöld séu of fámenn til þess að ráða við það verkefni að halda úti sinni eigin skrá, en hvetjum ráðuneytið til að koma ábendingum frá ræktendum um hentug yrki sem eru ekki í sameiginlegu EES-skránni til viðeigandi aðila svo þeim verði mögulega bætt við hana, eins og kom fram í umsögninni. Þess bera að geta að þó öll ríki innan EES styðjist við fyrrnefnda yrkisskrá er ræktun iðnaðarhamps tiltölulega ný af nálinni og skammt komin í EES ríkjum á norðlægum slóðum og því augljóst að til séu yrki í öðrum heimshlutum sem gætu hentað betur hér á landi en þau sem nú þegar eru í skránni.

Félögin eru sammála því að eðlilegt sé að ráðherra sem fer með landbúnaðarmál setji reglugerðina enda um fræ til ræktunar nytjaplantna að ræða og taka því undir eftirfarandi: „*Frumvarpið felur í sér nýtt ákvæði sem gerir ráð fyrir að ráðherra sem fer með landbúnaðarmál setji reglugerð sem kveður á um veitingu leyfis til innflutnings og skal þar meðal annars koma fram nánari skilyrði og takmarkanir á innflutningi, meðferð og vörslu þeirra fræja sem frumvarpið nær til. Er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fái þetta hlutverk þar sem ræktun iðnaðarhamps fellur í eðli sínu ekki undir verksvið heilbrigðisráðherra og því eðlilegra að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mæli nánar fyrir um framkvæmdina.“*

Eins er eðlilegt að afurðir sem unnar eru úr iðnaðarhampi lúti þeirri löggjöf sem afurðin fellur undir, eins og útskýrt er í kafla **3.1 Afurðir úr iðnaðarhampi** í greinargerðinni. Það dregur verulega úr þeirri óvissu sem ríkt hefur hér á landi varðandi vinnslu ólíkra vara úr iðnaðarhampi.

Niðurstaðan er því sú að félögin hafa engar athugasemdir við þetta frumvarp eða greinargerðina að undanskildri örlítilli ónákvæmni í samráðskaflanum. Við hvetjum því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt en samráðskaflinn í greinargerðinni uppfærður.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Hampfélagsins

f.h. stjórnar SSFM

---

**Sigurður Hólmur Jóhannesson**

Formaður

hampfelagid.is

hampfelagid@gmail.com

Súlunesi 20, 210 Garðabæ

---

**Oddný Anna Björnsdóttir**

Framkvæmdastjóri

ssfm.is

ssfm@ssfm.is

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

Kópavogur 28. apríl 2021

Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (lönaðarhampur).<sup>[1]</sup>



**Æskan er alfarið á móti þessu frumvarpi** sem er til þess fallið að draga úr góðum árangri forvarna á Íslandi. Það að leyfa framleiðslu kannabisjurta dregur úr tilfinningu á áhættu sem fylgir kannabis og auka neyslu vímuefna í samfélaginu og mun það koma verst niður á börnum.

Hér er fjallað um málið án þess að horfa eftir áhrifum sem það hefur á líf barna og er það í mótsögn við Barnasáttmálann<sup>[2]</sup> sem Alþingi á að vinna eftir.

Notkun kannabis á Íslandi er lítil vegna þess hve sterk löggjöf hefur haldið utan um framleiðslu, dreifingu, sölu, kaup og vörslu efnisins. Það er eðlilegt að kannabis verði í öllum myndum áfram flokkað sem ólöglegt vímuefni.

Erfitt er fyrir leikmenn að greina milli tegunda kannabisplantna. Einnig er erfitt er fyrir opinbera aðila að mæla innihald THC í kannabisvörum og fá mælitæki til þess á Íslandi.

Æskan vitnar í þær umsagnir sem hafa verið sendar inn að undanfögnu<sup>[3]</sup> vegna sífelldra árása á forvarnir á Íslandi. Forvarnir á Íslandi hafa verið til fyrirmyndar í áratugi og skapað kynslóðir sem hafna neyslu áfengis og annara vímuefna.<sup>[4]</sup>

Gríðarlegt magn af röngum upplýsingum eru umferð um kannabis. Umfjöllunin er mjög villandi og ganga þeir harðast fram sem vilja lögleiða vímuefni. Athyglisvert er að sjá hversu víða laufblað kannabisplöntunnar er notað í kynningu á iðnaðarhampi og að hvetja til neyslu á THC.<sup>[5]</sup>

Vímuefni eru með helstu hindrunum sjálfbærrar þróunar mannkyns. Þau hafa neikvæð áhrif á allar stoðir samfélagsins (umhverfi, efnahagur og samfélag) og snerta við öllum hliðum samfélagsins. Vímuefni stefna mannauði í voða, grafa undan hagvexti, veikja innviði samfélagsins og eru gríðarlegt byrði á heilbrigðiskerfinu.<sup>[6]</sup>

Æskan hvetur ráðamenn að skoða miklu betur mál er varða forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum. **Lýðheilsumat** er mælikvarði sem ætti hiklaust að taka upp hið snarasta til að koma í veg fyrir að ráðamenn leggi fram mál sem eyðileggja svo mikið fyrir samfélaginu.

Heildarstefna í forvörnum ætti að taka gildi sem skýr viðmið að draga sem mest úr neyslu áfengis og annara vímuefna. Æskan lýsir sig fúsa til að leggja lið við vinnu við að undirbúa stefnuna þar sem Æskan er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims **Movendi**.

**Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir Formaður, Æskan Barnahreyfing**

**Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri Æskan barnahreyfing**

[1] <https://www.althingi.is/altext/151/s/1107.html>

[2] <https://www.barnasattmali.is/>

[3] [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2916](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2916)

[4] <https://rannsoknir.is/>

[5] <http://www.pelleolsson.se/>

[6] <https://www.heimsmarkmidin.is/>